

MÓTTAKA FLÓTTAMANNA

Húnaþing vestra

Íslenskukennsla

Íslenskukennsla var skipulögð fyrir börn og fullorðna í júní. Grunnskólinn og leikskólinn sjá um kennslu nemenda eftir sumarfrí en Farskólinn fyrir fullorðna. Arabísku- og íslenskumælandi kennari mun sjá um kennslu fullorðinna.

Sund

Nýju fjölskyldurnar fara mikið í sund og konurnar eru í sérstökum sundfötum sem múslimar nota. Í samfélagsfræðslunni var farið yfir reglurnar í sundi hér á landi. Einnig var sérstök kynning þar sem farið var yfir íþróttamiðstöðina og sundlaugina og allir fengu skriflegar leiðbeiningar á arabísku.



Móttökuboð

Sveitarfélagið skipulagði móttökuboð þann 19. maí sl. þar sem boðið var upp á kaffi og kleinur fyrir íbúa og nýju fjölskyldurnar. Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, var gestur í móttökubodinu og flutti ræðu þar sem hann lýsti yfir ánægju sinni með skipulag verkefnisins. Afar ánægjulegt var hversu margir íbúar sáu sér fært að koma og gerðu þessa stund eftirminnilega.

Samfélagsfræðsla

Skipulögð var samfélagsfræðsla fyrir nýju íbúana vikuna 23.-31. maí, þar sem þau fengu:

- Upplýsingar um hlutverk sveitarfélags og Rauða krossins í verkefninu.
- Fræðslu um reglur um íbúðarhúsnæði:
 - *ábyrgð eigenda og leigjenda húsnæðis
 - *einfaldar aðferðir til að viðhalda gæðum innilofts og bæta þau
 - *aðferðir til að meta raka og myglu
 - *ofnar/hitakerfið og sorp (flokkun- endurvinnsla).
- Veittar voru upplýsingar um lög og reglur tengd jafnrétti á Íslandi, meðal annars um ofbeldi gegn börnum og réttindi kvenna.
- Talað var um íslenska menningu: matargerð, bókmenntir, sögu Íslands og trú.
- Almenn fræðsla um Ísland, höfuðborgina, íbúafjölda, tungumál og ríkisstjórn.



Starfsmannafræðsla

Verkefnastjóri var með fræðslu fyrir allt starfsfólk sem kemur að vinnu með nýju íbúunum. Þessi fræðsla var fyrir starfsfólk í grunn- og leikskóla, íþróttamiðstöðvar og heilsugæslu.

Áhersla í fræðslunni var:

- Áföll og áfallastreituröskun (PTSD).
- Hvernig á að vinna með flóttafólki.
- Að hlúa að sjálfum sér í vinnu með flóttafólki.
- Ólík sýn á fjölskyldur, börn og uppeldisaðferðir.
- Gagnlegar aðferðir í skólum með börnum og fjölskyldum.
- Staðan á Íslandi í heilbrigðismóttöku flóttamanna.
- Gagnlegar aðferðir í heilbrigðiskerfinu í vinnu með börnum og fjölskyldum.

Skóli/Leikskóli

Börnin hafa verið í frístund í grunnskólanum og fengið aðlögun með túlk í leikskóla. Öll börnin eru alsæl með að vera í grunnskóla/leikskóla og hlökkðu til að koma aftur eftir sumarfrí. Í grunnskólanum er fullt stöðugildi stuðningsfulltrúa fyrir börnin og einnig er gert ráð fyrir auka stuðningi í leikskóla.

Gjöf frá Símanum

Nýju íbúarnir fengu veglegan stuðning frá Símanum vegna símtækja og áskriftar og við þökkum Símanum kærlega fyrir það.



Vinna

Meira en helmingur af hópnum er kominn með vinnu. Sumir eru að vinna á Hótel Laugarbakka en aðrir eru í vinnu í sláturhúsinu. Allir eru auðvitað áhugasamir um að fá vinnu og við erum að hjálpa þeim við atvinnuleit.

Ferð til Reykjavíkur

Farið var með allan hópinn til Reykjavíkur 26. - 27. maí þar sem farið var í lögbundna heilsufarsskoðun og skimarnir sem eru nauðsynlegar til að fá dvalarleyfi á Íslandi. Allir eru nú komnir með 3 ára dvalarleyfi og kennitölur.

Ferðin var líka notuð til að skoða Fjölskyldu- og húsdýragarðinn sem vakti mikla lukku hjá börnunum.



Túlkapjónusta

Alla virka daga er túlkur á staðnum á vegum sveitarfélagsins sem túlkar á heilsugæslunni og í leik- og grunnskóla. Einnig á fundum og í viðtölum.

Ný nálgun hefur verið sett saman í túlkapjónustu í Húnaþingi vestra og köllum við hana samfélagstúlkun. Þá hjálpar túlkurinn fjölskyldunum við aðlögun, uppeldi, menningarmun, lög, reglur, réttindi og skyldur.

Pegar ekki eru skipulögð viðtöl er túlkurinn í skólunum og aðstoðar við kennslu, aðlögun og upplýsingaflæði.

Stuðningsfjölskyldur

Stuðningsfjölskyldur RKÍ eru ómetanlegar í verkefninu og við erum mjög þakklát fyrir allan stuðninginn og hjálpina við aðlögun fjölskyldnanna. Afar góð tengsl hafa myndast á milli nýju íbúanna og stuðningsfjölskyldnanna og gengið mjög vel.

Þau kunna að gleðja mann



Óvænt afmælisveisla sem þau héldu fyrir verkefnastjórann þann 28.06.2019

Bestu kveðjur, Liljana